

Stórvirkjunar- og stóriðjumálin voru mikið rædd í Alþingi í gærðag



Pjotr Gorosjkin, gestur ráðstefnunnar flytur ávarp sitt. Resjetof blaðafulltrúi Sovétsendiráðsins túlkar. — (Ljós. Þjóðv. A.K.)

10. ráðstefna MÍR um síðustu helgi

Tiunda ráðstefna Menningar- tengsla Íslands og Ráðstjórnar- ríkjanna var haldin í Lindar- bæ í Reykjavík síðastliðinn laugardag og sunnudag.

Varaforseti félagsins, Kristinn E. Andrússon, setti ráðstefnuna, og bauð fulltrúa og gesti vel- komna og þá sérstaklega Pjotr Gorosjkin, varaformann Sam- bands Sovétríkjanna vináttufélaga við önnur lönd, sem hingað var kominn í stutta ferð í sambandi við ráðstefnuna og kynningar- mánuð MÍR. Þá fluttu ávarp þeir Nikolaj Túptsín, sendiherra Sovétríkjanna, Pjotr Gorosjkin og árnúðu ráðstefnunni heilla í starfi.

Á sunnudag hélt ráðstefnan svo áfram störfum. Umræður voru fjórlegar og tóku margir til máls. Margir ræðumanna minntu á það, að starfsemi MÍR væri nú með öðrum hætti orð- in en fyrstu árin sem félagið starfaði, enda eðlilegt: þá hefðu nær öll menningarsamskipti við

Sovétríkin farið fram um MÍR, þar eð kalda stríðið var þá í al- gleymingi og aðrir aðilar vildu ekki nálægt þeim málum koma. Nú hefði andrúmsloftið hins- vegar breytt mjög, og mörg þau samskipti á sviðum menningar- og lista, sem MÍR hefði áður séð um eitt, gerðust nú á víðari grundvelli og oft með aðild op- inberra stofnanna. En auðvitað biðu MÍR engu að síður mörg verkefni önnur. Og kom fram á- hugi á að félagið efldi mjög bókakost sinn og kvikmynda til að geta betri fyrirgreiðslu gefið því fólki sem til þess leitir. Sömu leiðis var mikið rætt um að efla rússneskukennslu í land- innu, bæði í sérstökum námskeið- um og svo með því, að koma rússnesku fyrir innan fræðslu- kerfisins. Þá var kosin í fyrsta sinn sérstök nefnd til að vinna að æskulýðsmálum innan fé- lagsins.

Forsetar ráðstefnunnar voru Framhald á 9. síðu.

Kjördæmisþing Alþýðubanda- lagsins í Norðurlandi eystra

AKUREYRI. 3. nóv. Frá fréttaritara Þjóðviljans. — Kjör- dæmisþing Alþýðubandalagsins í Norðurlandskjördæmi eystra var haldið á Akureyri síðastliðinn sunnudag. Voru þar mættir fulltrúar frá öllum Alþýðubandalagsfélögum í kjördæminu að einu undanskildu, og auk þess frá Sósí- alistafélagi Húsavíkur.

Kjördæmaþingið hófst kl. 2 á sunnudaginn og stóð að frátöldu stuttu kvöldverðarhléi, til kl. 2 um nóttina. Þingforseti var Jó- hannes Hermannsson, en vara- forseti Stefán Halldórsson. Rit- arar þingsins voru Rósberg G. Snædal og Páll Kristjánsson.

Mörg mál voru á dagskrá þingsins, svo sem stjórnmála- viðhorfið almennt og skipulags- mál Alþýðubandalagsins, at- vinnumál í kjördæminu, raf- orkumál, sveitarstjórnarmál og svo ýmis mál varðandi starf- semi kjördæmaráðsins sjálfs. Björn Jónsson alþingismaður flutti ýtarlega og fróðlega fram- söguræðu um stjórnmála viðhorf- ið, en um málefni kjördæmisins fluttu Tryggvi Helgason, Páll Gunnlaugsson, Ingólfur Arnason og Jóhann Hermannsson fram- söguræður. Urðu fjórir um- ræður um flest þessara mála og þá sérstaklega atvinnumálin, sjávarútvegsmálin og landbúnað- inn. Voru ýmsar samþykktir og ályktanir gerðar, allar með samhljóða atkvæðum.

Í stjórn kjördæmaráðsins voru kosnir: Þorsteinn Jónatansson, ritstjóri á Akureyri, formaður, Stefán Halldórsson, bóndi Hlíð- um, Jón B. Rögnvaldsson, hafn- arvörður Akureyri, Páll Gunn- laugsson, bóndi í Veisulsi, og Jóhann Hermannsson, fulltrúi Húsavíkur.

Varamenn: Ingólfur Arnason, Akureyri, Hjalti Haraldsson, Garðshorni, Hörður Adolfsson, Akureyri, Hreinn Ragnarsson, Raufarhöfn, og Þorgrímur Starri Björgvinsson Garði.

Í blaðstjórn Verkamannsins voru kosnir: Björn Halldórsson, Syðra-Brennihöli, Rósberg G. Snædal, Akureyri, Páll Kristjánsson, Húsavík, Stefán Björnsson, Dalvík, og Einar Kristjánsson, Akureyri.

Þá var kosin milliþinganefnd í landbúnaðarmálum, og eiga sæti í henni bændurnir Páll Gunnlaugsson, Hjalti Haraldsson, Stefán Halldórsson, Jón P. Buch og Þorgrímur Starri Björgvinsson. Til vara Björn Halldórsson og Eiríkur Björnsson.

Á fundi Sameinaðs þings í gær var tekin til umræðu þingsályktunartillaga frá Framsóknarmönnum um stór- virkjunar- og stóriðjumál. Allmiklar umræður urðu um málið og var umræðunni frestað. Tillagan leggur til að kjósa sjö manna nefnd til að kynna sér stórvirkjana- og stóriðjumál, hvernig að þeim störfum hefur þegar verið unnið þegar og hvernig vinna skal í framtíðinni.

Eysteinn Jónsson talaði fyrir tillögunni og lagði hann áherzlu á það í ræðu sinni, að þessi mikilvæga mál yrði að ræða á Alþingi því óeðlilegt mætti teljast að ráðast í stórvirkjun hvað þá að stofna til stóriðju í land- innu án þess að Alþingi væri haft með í ráðum. Þess vegna flyttu Framsóknarmenn tillöguna, þar sem gert er ráð fyrir að skipuð sé nefnd, 7 manna, þar sem allir þingflokkar geti átt aðild að.

Þingmaðurinn sagði að taka bæri tillit til margs er ákveðið væri að reisa stóriðjuver. T.d. bæri að ihuga mjög rækilega hvar slíkt fyrirtæki yrði stað- sett. Fór þingmaðurinn um það nokkrum orðum hversu mikið veltur á því fyrir einstök byggð- arlög að einhver atvinnufyrir- tæki séu þar starfandi. Ættu slíkar framkvæmdir allar að taka tillit til aukins jafnvægis í byggð landsins.

Ekki skal farið út í að rekja ræðu Eysteins nákvæmlega en að lokum skal þess getið að hann taldi, að það gæti komið til greina að fá erlenda aðila og erlent fjármagn til aðstoðar við uppsetningu slíkra fyrirtækja. ef ljóst væri að það hefði í för með sér hag fyrir þjóðarheild- ina og að Íslendingar gætu alls ekki valdið því verkefni sjálfir.

Einar Olgeirsson tók til máls og kvað hann tillögu Framsókn- ar að vissu marki góðra gjalda verða. Hins vegar taldi hann að Framsóknarmenn hefðu átt að leggja meira upp úr Atvinnu- málanefnd ríkisins, sem þeir sjálfir hefðu yfirstjórn í, því það væri alltaf erfitt að eiga það undir náð stjórnarmeirihlutans að koma málum sem þessum í gegnum þingið.

Einar sagðist vera sammála Eysteini um það, að sem flestir gætu rætt þessi mál til að slíkt gæti verið sem lýðræðislegast og varðaði það þjóðarheildina miklu að svo væri um mikils- varða hluti, sem hér er um fjallað.

Þá fór ræðumaður orðum um stóriðjumálin. Taldi hann lík- legt að ríkisstjórnarmönnum hefði teitzt erfitt að fá erlenda aðila til að byggja alúminíum- verksmiðju á Íslandi, því auð- hringarnir væru að byggja slík iðjuver á arðvænlegri stöðum en

á Íslandi, bæði t.d. í Ghana og í Gíneu. Það væri mikil sam- keppni um að fá auðhringa til að reisa slík ver og ólíklegt að það gengi greiðlega að fá þá til að koma til Íslands.

Þá væri eftir að athuga hvort það væri nú yfir höfuð æskilegt að fá hingað alúminíumverk- smiðju með stuðningi erlends fjármagns. Sumir héldu því fram, að þá gætum við fengið raforkuna ódýrari. En ef lítið væri einvörðungu á þá hlið málsins væri ekki vinnandi veg- ur að biða öllu lengur eftir að tekið væri til við virkjunarfram- kvæmdir því raforkumálin væru komin í öfni. Þar yrði að taka tillit til þarfa okkar og byrja strax án tillits til alúminíum- verksmiðju. Það yrði að reyna að fá ódýr lán og vexti til raf- orkuvera í stað þess að virkja auðlindir okkar fyrir alúminíum- verksmiðju.

Einar beindi þeirri snurningu síðan til Eysteins Jónssonar hver væri afstaða Framsóknar- flokksins til alúminíumverk- smiðju á Íslandi, hvort Fram- sókn vildi hleypa erlendu auð- valdi inn í landið eða ekki.

Erlendir auðhringar munu ekki einungis ná efnahagslegum tókum á þjóðinni, ef þeir kæm- ust í lykilaðstöðu. Þeir myndu einnig reyna að ná pólitískum tókum og það væri ekki síður hættulegt

BLAÐBURÐUR

Þjóðviljann vantar nú þegar fólk til blaðburðar í þessi hverfi:

VESTURBÆR: Hjarðarhagi — Melarnir — Tjarn- argata. — AUSTURBÆR: Laufásvegur — Grettis- gata — Skúlagata — Höfðahverfi — Laugateigur — Meðalholt — Langahlíð — Miklabraut — Máva- hlíð — Blönduhlíð. — KÓPAVOGUR. Laus hverfi í Vesturbæ: Hraunbraut og Kársnesbraut. Austur- bæ: Hlíðarvegur og Hvammarnir. Umboðsmaður í Kópavogi sími 40-319.

ÞJÓÐVILJINN — Sími 17-500.

Starfsfólki Útvegsbankans refsað?

■ Á næstunni verður haldinn bankaráðsfundur Útvegs- bankans og verður þar tekin fyrir ráðning útibússtjórnans á Akureyri og hugsanlegar refsiaðgerðir á hendur starfs- fólki Útvegsbankans vegna verkfalls þess síðastliðinn mánudag.

■ Bankaráð hinna bankanna þrýsta nú á bankaráð Út- vegsbankans og telja hér hættulegt fordæmi á ferð og að refsa beri starfsfólkinu í einhverri mynd.

Starfsfólk Búnaðarbankans sendi starfsfólki Útvegsbankans samúðarskjal í fyrradag, þar sem allir rituðu nöfn sín undir, nema þeir starfsmenn, og lýstu yfir stuðningi í barátt- unni.

Starfsmaður í Útvegsbankan- um hitti einn af bankastjórum Búnaðarbankans á götu í gær- morgun og lét bankastjórinn í ljós þá skoðun sína að refsa bæri starfsfólki Útvegsbankans fyrir verkfallið og vitnaði í ó- löglegt verkfall póstmanna í Danmörku fyrir nokkrum árum, þar sem einn maður úr hverri deild hefði verið settur í tug- hús. En hér liggur fleira undir


en starfsemi banka og hvort beri að trufla hana. Skelfing hefur gripið pólitíska bitlingasnápa um slíkar aðgerðir í framtíð- inni og hvort vænta megi, að starfshópar á ýmsum sviðum risi upp gegn pólitískum veit- ingum, sem oft hafa brotið gegn starfshæfni manna.

Bankamenn lítalsvirtir

Samband íslenskra banka- manna hélt aukabing í fyrradag og var þar sérstaklega tekið fyrir ráðning útibússtjóra við úti- bú Útvegsbankans á Akureyri og viðbrögð starfsmanna bankans gagnvart henni. Margir banka- menn tóku til máls á þessu

ÞJÓÐVILJINN

Fimmtudagur 5. nóvember 1964 — 29. árgangur — 243. tölublað.



Ásgerður Búadóttir við vefstólinn.

Myndvefnaður í Bogasal

Frú Ásgerður Búadóttir opn- aði í gærkvöld sýningu á mynd- vefnaði í Bogasal Þjóðminja- safnsins. Á sýningunni eru átján myndir.

Og er slík sýning næsta fágætur viðburður: Reykviklingar gætu, ef vildu, séð fimmtíu mál- verkasýningar á ári, en það ber lítið á því, að sú endurreisun myndvefnaðar sem farið hefur um mörg Evrópulönd hafi náð fóttestu á Íslandi.

Á sýningunni má sjá bæði sléttan vefnað og röggvarvefnað. Í sumum myndanna ríka heitir litir: rautt og rauðgult — með svörtu. Þessar myndir hafa flestar hlotið fjarlæg nöfn og ævintýraleig: ein heitir Kross-

farar, önnur Sól í Siena, hin þriðja Jerikó. Söguleg og land- fræðileg stórtíðindi eru á sveimi í kring um þessar myndir.

Í öðrum myndum ríkir tón- stigi nálægur náttúru, þar er teft saman hógværum litum ís- lenzkrar sauðskeppu. Enda eru nafngiftir með öðrum hætti saman settar: Vængblik, Þöll, Dökk lauf. Og ein þessara mynda heitir jafn skemmtilegu og áleitnu nafni og Flagðafeld- ur.

Ásgerður Búadóttir hélt síð-ustu sjálfstæðu sýningu sína fyrir tveim árum. Hún nam við Konunglega Akademið í Kaup- mannahöfn 1946—50 og hefur síðan lagt mesta rækt við mynd- vefnað. Hún tók þátt í alþjóð- legri listiðnaðarsýningu í Munc- hen árið 1956 og hlaut þar gull- verðlaun. Ennfremur tók hún þátt í norrænni listiðnaðarsýn- ingu í París 1957 og ýmsum sýningum öðrum.

JAZZ- KVÖLD

Í kvöld kl. 8.30 heldur Vernharður Linnét áfram að rekja sögu jazzins og tekur nú fyrir tímabilið 1949—1958.

Allir velkomnir. Félagar fjölmennið og takið með ykkur gesti. ÆFR.

Ellefu tóku til máls

„Aukabing Sambands ís- lenzkra bankamanna, haldið þriðjudaginn 3. nóvember 1964, lýsir ánægju sinni yfir hinni á- kveðnu afstöðu starfsmanna Út-

vegsbanka Íslands vegna ráðn- ingar útibússtjóra utan raða bankastarfsmanna við útibú bankans á Akureyri.

Þingið fordæmir þessa ráðn- ingu bankaráðsins, þar sem hún einkennist af mjög annarlegum sjónarmiðum og er beinlínis til að lítalsvirða bankamenn al- mennt og þó sérstaklega þá er um starfið söttu og gefur til kynna, að bankaráð áliti að inn- an raða bankamanna séu ekki til hæfir menn til að gegna mik- ilsverðum stöðum í bönkum.

Þingið bendir á hversu ó- heillavænleg þróun þessara mála hefur verið þar sem bankaráðin virðast ekki bera hag bankanna fyrir þriðsti, þegar þau ganga framhjá þrautreyndum, hæfum og traustum starfsmönnum bankanna við ráðningu í á- byrgðarstöður.

Þar sem bankaráðin hafa mis- notað vald sitt með stöðuveit- ingum að undanfögnu skorar þingið á alla bankastarfsmenn að standa fast saman þegar á þeim er vegið."